

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi íbúðarsvæðis í Votahvammi, Egilsstöðum, Fljótsdalshéraði.

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs samþykkti þann 4. október 2006 breytingu á deiliskipulagi íbúðarsvæðis í Votahvammi á Egilsstöðum. Breytingin felur í sér að í stað tveggja fjölbýlishúsa við Norðurtún er gert ráð fyrir fjölgun einbýlishúsa. Fjöldi einbýlishúsa eftir breytingu er 18 í stað 10, íbúðum í fjölbýli fækkar um 24. Aðkoma að raðhúsum við Ártún er einnig breytt. Fjöldi íbúða í raðhúsum við Ártún verður 17 í stað 12. Gert er ráð fyrir tveimur lóðum, í stað einnar, eftir breytingar fyrir bílageymslur við Ártún. Svæði til áningar og úti-vistar er fært. Breyting verður á lóðastærð lóða nr. 17, 19 og 21 við Norðurtún. Bílageymsla til móts við Norðurtún 13-15 er færð lítillega. 16 bílastæði til móts við sameiginlega lóð Norðurtúns 1-15 eru færð nær götu.

Fljótsdalshéraði, 14. mars 2007.

Ómar Þröstur Björgólfsson,
skipulags- og byggingarfulltrúi Fljótsdalshéraðs.

B-deild – Útgáfud.: 27. mars 2007